

Jarðskjálfti í Krýsuvík 1663 og misvöxtur Kleifarvatns fram að aldamótum 1900

Kristján Sæmundsson

Íslenskar Orkurannsóknir, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, Iceland; ks@isor.is

Bréf (epistola) Þorkels Vídalín

Þorkell Arngrímsson Vídalín var prestur í Görðum á ÁlftanP'alesi frá 1658 til æviloka 1677. Eftir guðfræðinám í Kaupmannahöfn nam Þorkell læknisfræði og náttúrufræði. Hann vann síðan um tíma við námugróft í Noregi og var sendur til Íslands 1655 til að leita að málmum og fékk norskan námumann til fylgdar (Jakob Benediktsson, 1939). Í „Landfræðissögu“ nefnir Þorvaldur Thoroddsen tilskipun stjórnarherra í Kaupmannahöfn um þá ferð, en skýrsla um hana fyrirfinnst ekki.

Þorkell átti bréfastípti við Ola Borch, danskan lækni og vísindamann í Höfn. Greinar úr nokkrum bréfa hans frá 1673 og 1674 voru prentaðar í „*Acta Medica et philosophica*“, tímariti sem virtasti vísindamaður Dana á þeim tíma, Thomas Bartholin, gaf út. Ein af þeim er „*De Sulphuris fodina Islandica*“. Þar er lýst brennisteinshverum í Krýsuvík, og líkast til byggt á athugunum frá sumrinu 1655. Einnig er sagt frá miklum jarðskjálfta og lækkun í Kleifarvatni af hans völdum. Bréfið er ekki birt allt, heldur kafli úr því. Íslensk þýðing á grein Þorkels er í Landfræðissögu Þorvaldar Thoroddsen og á þýsku í 3. bindi „*Island in Vergangenheit und Gegenwart*“ eftir Paul Herrmann (1910).

Um skjálftann og afleiðingarnar segir svo:

„*Ubi definit mons in praeuptos scopulos, orientem versus, lacus est, ultra quinque; M passuum in circuitu habens, qui olim scopulos istos ad altitudinem pedum circiter trecentorum, alluit; Anno verò 1663 per magnum terræ motum (qui aliquot domus, non modo vicinas sed etiā remotas destruxit) in subterraneas (ut opinor) lacunas absorptus est, ita ut nunc sub praedictis scopulis, & in littore lacus, via sit pervia*“.

„Þar sem fjallið endar austan megin í bröttum hömrum er stöðuvatn meira en 5000 skref ummáls. Fyrrum laugaði það þessa hamra í um það bil 300 feta hæð. En í miklum jarðskjálfta árið 1663 (sem eyðilagði allmarga bæi, ekki aðeins nálæga heldur einnig fjarlægga) sogaðist vatnið (að ég tel) ofan í glufur neðanjarðar svo að fært varð eftir ströndinni neðan undir áðurnefndum hömrum“.

Tvö atriði í grein Þorkels eru athugaverð. Annað varðar færa leið neðan undir klettunum, hitt vatnshæðina fyrrum.

Austan megin í fjallinu (Sveifluhálsi) má kalla að séu brattir hamrar að Kleifarvatni, þó ekki samfelldir (1. mynd). Þeir byrja við Syðristapa og ná inn fyrir þann Innri. Aðdjúpt er að báðum stöpunum, en lækkun eins og varð eftir 2000 skjálftann gerir fært neðan undir þeim Innri. Svo var um það leyti sem lægst var í nema allra innst. Þar varð ekki komist þurrum fótum. Aðdýpi er mikið að Syðristapa og þar sýnist ólíklegt að nokkurn tímann verði fært. Árni Óla (1940) segir þó svo hafa verið skömmu eftir aldamótin 1900: „Þá var sandströnd meðfram öllu vatninu að vestanverðu og hægt að komast eftir henni fyrir báða Stapana. Var þetta þá alfara leið“. Hann nefnir forvaða sem síðar mátti komast fyrir með því að hleypa hestum á sund. Um venjulegan forvaða er þó varla að ræða fyrir Syðristapa. Þar nær aðdýpið yfir of langan, samfelldan kaffa, sýnist manni. Um vegarlagninguna til Krýsuvíkur rétt fyrir 1940 getur hann þess, að „ekki hafi gengið á öðru en sprengingum“ úr hömrunum til að gera bílfært utan við og milli Stapanna, enda „er þarna hið argvítugasta vegarstæði“.